

SAMÞYKKT

um kattahald í Sveitarfélaginu Skagaströnd.

1. gr.

Kattahald í Sveitarfélaginu Skagaströnd sætir þeim takmörkunum sem greinir í samþykkt þessari. Heilbrigðisnefnd fer með eftirlit með framkvæmd og sveitarstjórn umsýslu vegna samþykktar þessarar og getur ráðið sérstakan dýraeftirlitsmann í umboði heilbrigðisnefndar eða falið starfsmönnum sveitarfélagsins hlutverk dýraeftirlitsmanns. Samkvæmt lögum um dýravernd nr. 15/1994 fer Umhverfisstofnun með mál sem varðar dýravernd.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita lögráða einstaklingum, sem búa í sveitarfélaginu leyfi til kattahalds með ákveðnum skilyrðum. Leyfið er bundið við nafn og heimilisfang viðkomandi og er ekki framseljanlegt. Leyfið er einnig bundið við þann kött sem það er gefið út fyrir.

Allir heimiliskettir á Skagaströnd skulu skráðir á skrifstofu sveitarfélagsins gegn greiðslu skráningargjalds og þar fá eigendur heimiliskatta afhenta númeraða plötu með skráningarnúmeri kattarins, sem alltaf skal vera í ól um háls dýrsins.

Árlega skal kattareigandi framvísa vottorði dýralæknis, um að kötturinn hafi verið hreinsaður af spólormum. Þá skal, ef óskað er eftir, framvísa vottorði dýralæknis um að kötturinn hafi verið hreinsaður af öðrum sníkjudýrum sem máli skipta.

3. gr.

Eigendur katta skulu gæta þess að kettir þeirra valdi ekki tjóni, hættu, óþrifum eða raski ró manna.

4. gr.

Óheimilt er að láta kött, eldri en 3ja mánaða, dvelja lengur en einn mánuð á heimili án þess að sótt sé um leyfi fyrir hann.

5. gr.

Ekki er leyfilegt að hafa fleiri en þrjá ketti eldri en þriggja mánaða á sama heimilinu.

6. gr.

Gjald skal greitt samkvæmt gjaldskrá sem Sveitarfélagið Skagaströnd setur, samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Kattareiganda ber að greiða allan útlagðan kostnað og handsömunargjald, skv. gjaldskrá.

7. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að láta lóga ómerktum köttum, enda hafi aðgerð til handsömunar á ómerktum köttum verið auglýst með áberandi hætti í sveitarfélaginu. Ómerktur köttur sem þannig er fangaður skal geymdur í 7 daga. Hafi kattarins ekki verið vitjað innan þess tíma skal honum ráðstafað til nýs, ábyrgs eiganda, hann seldur fyrir áföllnum kostnaði eða aflifaður. Ef eigandi gefur sig fram skal hann greiða áfallinn kostnað, þ.m.t. kostnað vegna örmerkingar og spóluormahreinsunar.

8. gr.

Umsókn um leyfi til kattahalds skal skila inn á skrifstofu sveitarfélagsins á þar til gerðum eyðublöðum. Með undirritun umsóknar skuldbindur umsækjandi sig til að hlíta í einu og öllu fyrir mælum samþykktar um kattahald. Sveitarstjóri eða fulltrúi hans synjar eða gefur út umbeðið leyfi.

9. gr.

Sveitarstjórn getur afturkallað leyfi til kattahalds telji hún það nauðsynlegt í þágu hollustuhátta og öryggismarkmiða, enda hafi leyfishafi haft tækifæri til að koma að athugasemdum sínum.

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum rúmist þau jafnframt innan refsíákvæða hlutaðeigandi heimildarlaga, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Skulu þau brot sæta þeirri málsmeðferð sem boðin er í lögum nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Umhverfisstofnun fer með mál er varða dýravernd, sbr. lög um dýravernd nr. 15/1994.

11. gr.

Samþykkt þessi sem samþykkt er af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnunin, 5. september 2008.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.